

Málefni: Strandblakvellir við Suðurbæjarlaug

Áhugafólk um strandblak og fjölbreytta iðkun almenningsíþróttar sendir eftirfarandi erindi til skipulags- og byggingarráðs þar sem óskað er eftir strandblakaðstöðu við Suðurbæjarlaug.

Mikill vöxtur hefur verið í iðkun blaks og strandblaks á síðustu árum og hefur Reykjavíkurborg sett upp strandblakaðstöðu bæði við Árbæjarlaug og Laugardagslaug, þessir vellar eru vel sóttir af almenningi, þar sem er aðstaða til klæðaskipta og hreinir vellar innan girðinga sundlauganna er til fyrirmyndar. Í dag er engin boðleg aðstaða í Hafnarfirði til iðkunar strandsblaks og viljum við koma með tillögu að strandblakaðstöðu við Suðurbæjarlaug.

Ástæðan fyrir því að við teljum garðinn hjá Suðurbæjarlaug henta vel fyrir strandblakvöll eru nokkrar, garðurinn er skjólsæll og með brekku sem hentar vel sem áhorfendastæði. Sömuleiðis myndi búningaástaða Suðurbæjarlaugar nýtast fyrir strandblakið og teljum við einnig að völlurinn gæti orðið mikil þrýði og lífgað upp á mannlífið í lauginni

Ef farið verður í verkefnið, er mikilvægt að vanda til verka svo að aðstaðan verði samkeppnishæf við velli Reykjavíkurborgar. Hægt væri að fá ráðgjöf frá aðalþjálfara blakdeildar Hauka, þar sem hann hefur komið að uppsetningu tuga strandblaksvalla um allt land.

Með fyrirfram þökkum

Jónas Þór Oddsson, tölvunarfræðingur

Haraldur Örn Sturluson, strandblakari

Bergsveinn Guðmundsson, markaðsfræðingur

Ragnheiður Berg Lehmann, íþróttifræðingur (stjórnarmeðlimur í blakdeild Hauka)

Íris Helga Baldursdóttir, kennari og blakunnandi

Karl Sigurðsson, kerfisfræðingur(aðalþjálfari blakdeildar Hauka)

Heiðbjört Gyldfadóttir, leikskólakennari (blakþjálfari)

Karólína Helga Símonardóttir, mannfræðingur (formaður blakdeildar Hauka)

Logi Karlsson, jaðaríþróttarmaður

Ágústa Valdís Sverrisdóttir, landfræðingur

Þórarinn Böðvar Þórarinsson, kennari og þjálfari

Orri Þórðarson, þjálfari

Tillaga að staðsetningu strandblakvalla við Suðurbæjarlaug.

